

OPIN VÍSINDI – OPIN KENNSLA?

Benedikt Steinar Magnússon <bsm@hi.is>

Inngangur

Akademískir starfsmenn eru almennt á þeirri skoðun að rannsóknir þeirra eigi að vera opinberar og birtast í opnum aðgangi ef kostur er (sbr. <https://opinvisindi.is> og HÍ26). Rannsakendur vilja bæði hafa aðgang að niðurstöðum annarra og eins gera sínar eigin rannsóknir aðgengilegar öðrum. Þekkingarsköpun krefst þekkingarmiðlunar. Það er einnig mikilvægt fyrir ímynd háskólans að hann auglýsi þær rannsóknir sem stundaðar eru innan veggja hans. Það er ef hann ætlar sér að hafa þau samfélagslegu áhrif sem vill hafa (sbr. stefnu HÍ26: *Betri háskóli – betra samfélag* og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna). Það er eðlilegt að spyrja sig hversu mikið af þessu á einnig við um kennslu og nám?

Hvað er opin kennsla?

Svona opna spurningu er hægt er að nálgast frá mismunandi sjónarhornum. En það mætti til dæmis gera það á eftirfarandi vegu:

- Er efni aðgengilegt öllum (opinn aðgangur)?
- Er efni einkaleyfisvarið?
- Er opinn hugbúnaður notaður?
- Er kennsla/kennsluefni inngildandi (jafnt aðgengi)?

Ég er á þeirri skoðun að einn af hornsteinum menntunar sé að hún sé opin og inngildandi eftir því sem kostur er. Það að hún sé opin þýðir að sú þekking sem sköpuð er sé aðgengileg öllum. Hún þarf einnig að vera inngildandi til þess að öll geti tileinkað sér hana, óháð samfélagslegri stöðu, efnahagi, kyni, uppruna o.s.frv.

Mín nálgun

Mín nálgun á þetta verkefni hefur verið að setja saman kerfi til að hýsa opinberlega kennsluefni, <https://edbook.hi.is>. Þarna hef ég ásamt góðum hópi samkennara og stúdenta sett upp kennsluefni í 13 námskeiðum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Von er á fleiri námskeiðum þarna inn á næstunni. Efnið er opið öllum sem þýðir að hver sem er innan og utan háskólans kemst í það. Þar að auki er það ekki einkaleyfisvarið heldur er notast við Creative Commons-leyfi, þannig að hver sem er getur bætt það og breytt því eftir eigin þörfum. Efnið er opið hverjum sem er og hægt er að skoða það hvort sem er á prenti, tölvum eða snjalltækjum. Hægt er að kalla fram þýðingar á helstu stærðfræðihugtökum (gegnum Orðaskrá Íslenska stærðfræðafélagsins, <https://stae.is/os>). Það hjálpar bæði íslenskumælandi nemendum og þeim sem hafa íslensku ekki að móðurmáli. Allur hugbúnaður sem notast er við er opinn og hýstur á Github, <https://github.com/edbook/haskoli-islands>. Það þýðir að hver sem er geta afritað hann og notað eftir eigin hentugleika.

Niðurstöður

Nemendur hafa heilt yfir verið mjög ánægðir með efnið og framsetninguna á því. Þar sem hægt er að vísa í hverja efnisgrein með hlekk þá hefur orðið til betra flæði innan námskeiðanna, og það sem er enn ánægjulegra, þá hafa tengsl milli mismunandi námskeiða batnað. T.d. eru þarna nokkur námskeið í stærðfræðigreiningu og saman mynda þau nú stærðfræðigreiningar-vöndul þar sem auðvelt er að vísa á milli námskeiða. Þetta hefur hjálpað til við að mynda meiri samfellu í náminu. Þarna er mikilvægt að allt sé opið því ef efni fyrri námskeiða er hýst í lokuðu námsumsjónarkerfi þá er miklu erfiðara fyrir nemendur að nálgast það því aðgangur er háður því að nemandi hafi verið skráður í fyrri námskeið, sem er ekki alltaf raunin. Einnig vitum við til þess að efnið sé notað utan háskólans sem er hið besta mál.

Lokaorð

Kennarar við opinbera háskóla eru í kjöraðstöðu til að stuðla að opinni kennslu og auka þannig samfélagsleg áhrif háskóla og vísinda í landinu. Vísindin efla alla dáð og okkar verk er að koma þeim til sem flestra.

Glærur úr fyrirlestrinum eru aðgengilegar hér: [2023-05-26-Radstefna kennsluakademiunnar](https://www.hi.is/2023-05-26-Radstefna_kennsluakademiunnar)

Benedikt Steinar Magnússon
dósent í stærðfræði
<https://bsm.hi.is>